



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar

Sent á netfang nefndasviðs

Reykjavík, 16. desember 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um kílómetragjald á ökutæki, þingskjal 557 — 144. mál.

Í ákvæði til bráðabirgða IV í frumvarpi til laga um kílómetragjald á ökutæki er kveðið á um 80% tímabundinn afslátt af kílómetragjaldi fyrir hóp- og vörubifreiðar yfir 10.000 kg sem nota umhverfisvænt eldsneyti. Þar eru talin upp metan, metanól, rafmagn og vetni, en lífdísilolía er ekki meðal þeirra eldsneytisgjafa sem njóta afsláttar.

Umrædd upptalning felur í sér alvarlega mismunun, enda er lífdísilolía viðurkennd sem umhverfisvænt eldsneyti og er jafnframt framleidd á Íslandi. Frumvarpið skapar þannig mismunun milli umhverfisvænna orkugjafa og setur innlenda lífeldsneytisframleiðslu í lakari samkeppnisstöðu en aðra valkosti.

Samtök iðnaðarins hvetja til þess að lífdísilolía verði bætt við upptalningu umhverfisvænna eldsneytisgjafa sem njóta afsláttar af kílómetragjaldi, í þágu jafnræðis, tæknilegs hlutleysis og stuðnings við innlenda framleiðslu.

f.h. Samtaka iðnaðarins,


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs